

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til raforkulaga og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði.

Þann 5. febrúar sl. sendi iðnaðarnefnd Alþingis, Norðurorku hf, til umsagnar frumvarp til raforkulaga, 462. mál, heildarlög, ásamt frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál, lögð fyrir á Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003.

Norðurorka hf þakkar fyrir að fá tækifæri til að yfirfara frumvörpinn og að gera athugasemdir við þau.

Norðurorka hefur fylgst með raforkufrumvarpinu og áður sent athugasemdir. Þá hefur Norðurorka tekið þátt í vinnu hjá Samorku varðandi athugasemdir við frumvarpið bæði nú og áður. Við yfirlestur frumvarpsins sést að tekið hefur verið tillit til ýmissa athugasemda sem Norðurorka, Samorka og önnur orkufyrirtæki hafa áður gert við þáverandi lagafrumvörp og viljum við lýsa ánægju okkar með það.

Þrátt fyrir það gerir Norðuroka eftirfarandi almennar athugasemdir, og einnig athugasemdir við einstakar greinar við frumvarp til raforkulaga.

Ekki eru athugasemdir af hálfu Norðuroku við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Almennar athugasemdir við frumvarp til raforkulaga.

Við teljum að þær áherslur EB sem fram koma í “tilskipun” 96/92/EB frá 19. desember 1996 eigi ekki við í raforkukerfi af þeirri stærð og staðsetningu sem um íslenskt raforkukerfi gildir. Kerfið er einangrað frá öllum öðrum raforkukerfum og verður það næstu árin og hefur því ekkert með heildar innri raforkumarkað EB að gera. Kerfið er lítið og notendur fáir. Í því sambandi er rétt að hafa í huga 3. tl. 24. gr. “tilskipunarinnar”. Þar kemur fram að aðildarríki geta sótt um undanþágu frá ýmsum ákvæðum “tilskipunarinnar” geti þau sýnt fram á að vandkvæði séu á rekstri, lítilla og einangraðra kerfa, innan ákvæðana.

Í frumvarpinu er vikið frá stærðarmörkum “tilskipunarinnar” að því er virðist til að reyna að aðlaga smæð kerfisins að reglum EB sem gilda fyrir a.m.k 1000 sinnum

stærra heildarkerfi. Það er álit Norðurorku hf að ekki séu líkur á að frumvarpið verði til þess að auka skilvirkni og lækka þar með raforkuverð almennt. Allt það opinbera eftirlit sem gert er ráð fyrir kostar verulega fjármuni. Ekki eru aðrir til að greiða þennan kostnað en raforkukaupendur og því ekki líklegt að raforkuverð lækki að minnsta kosti ekki hjá almenningi og öðrum minni notendum. Eins og fram kemur í umsögn þessari teljum við ekki að sá ætlaði árangur og sú grunnhugsun sem fellst í “tilskipun” EB náist hérlandis við setningu þessara laga. Því er óeðlilegt að feta í fótspor EB og annarra þjóða sem komið hafa á svokölluðu frelsi í raforkumálum án þess að gefa sér tíma og hugsa hvert skref vandlega með tilliti til hélendra aðstæðna. Við teljum einnig óeðlilegt að reyna að aðlaga íslenskar aðstæður þeim aðstæðum sem ríkja í samtengdum raforkukerfum í Evrópu með smækkun allra ákvæða “tilskipunar” EB.

Í I. kafla frumvarpsins, sem fjallar um markmið og gildissvið, kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu o.s.frv. Ekki eru færð fram sterk rök fyrir því í skýringum við 1. gr. að óbreytt skipulag raforkumála sé verra en sú nýskipan sem lögð er til frá þessum sjónarhóli. Ekki er hægt að fullyrða að breytingar í raforkumálum annarra ríkja hafi endilega leitt til almennrar lækkunar raforkuverðs í viðkomandi ríkjum. Til að uppfylla lágmarkskröfur EB má fara aðrar leiðir að mati Norðurorku. Það er mat okkar að þær leiðir sem frumvarpið gerir ráð fyrir muni auka kostnað í rekstri raforkufyrirtæja, sem aftur leiðir til hærra orkuverðs, óhagræðis og óþæginda fyrir neytendur og orkufyrirtæki.

Um II. kafla frumvarpsins, raforkuvinnslu, er það að segja að leyfisferlið teljum við enn full skilyrt og ekki er þörf á að telja upp atriði sem önnur lög taka á.
Stærðarmark virkjunar sem leyfi þarf fyrir og skylt er að tengja flutningskerfinu er þrengra en “tilskipun” EB gerir ráð fyrir og teljum við það óþarft.

Um III. kafla frumvarpsins, flutningur. Við munum ekki, á þessu stigi gera athugasemdi við þennan kafla frumvarpsins þar sem ætlunin er að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um flutning raforku, gjaldskrá verðjöfnun og fleira. Við vonumst hinsvegar til að fá að fylgjast með þeirri vinnu og fá tækifæri til að gera athugasemdir við niðurstöður nefndarinnar.

Um IV. kafla; dreifingu. Við teljum þær breytingar varðandi dreififyrirtækin sem gerðar hafa verið frá fyrra frumvarpi til bóta. Við teljum nauðsynlegt að ákvæði verði fyrir hendi í raforkulögum sem heimili (raf)orkufyrirtæki flutning raforku vegna eigin starfssemi á orkusviði þó viðkomandi notkunarstaðir eða orkuframleiðsluver séu utan dreifisvæðis viðkomandi veitu, enda sé orkunotkunin eða framleiðslan einvörðungu ætluð til eigin nota. Hér má hugsanlega tala um spennumörk yfir 1000 kV. Það er hinsvegar svo að í dag eru dæmi um skörun dreifikerfa þannig að auðvaldast er að hafa ekki spennumörk í heimildarákvæðinu. Ástæðulaust er að girða fyrir þennan möguleika þar sem þessi skipan mála getur verið hagstæð við vissar kringumstæður.

Kafli V. um “raforkuviðskipti”. Stofnun sérstakra fyrirtækja um raforkusölu tryggir ekki endilega hagsmuni neytenda. Það kann hinsvegar að vera eðlilegt að heimila slíkt í samræmi við verslunarfrelsi.

Kafli VI. um skyldur landeigenda. Eignarnáms og bótaákvæði. Við þennan kafla eru ekki athugasemdir.

Kafli VII. Eftirlit og úrræði. Í kaflanum er verið að leggja til að búið verði til nýtt eftirlitskerfi hjá Orkustofnun. Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir því að það þurfi sérstaka stofnun til að hafa frekara eftirlit með orkufyrirtækjunum nú er. Rafveitur vinna samkvæmt skilgreindu innra öryggisstjórnunarkerfi sem er viðurkennt af Löggildingarstofu og nær til þátta sem nefndir eru til sögunnar, varðandi eftirlitsþátt Orkustofnunar, í 28. gr. frumvarpsins. Rafveitur vinna jafnframt samkvæmt alþjóðlegum staðli um málsþennu í lágspennudreifikerfum. Hinsvegar kann að vera nauðsynlegt að Orkustofnun annist eitthvert eftirlit með þáttum sem aðrar eftirlitsstofnanir geta ekki sinnt að óbreyttu. Varast þarf að setja upp stórt “eftirlitbatteri” til viðbótar þeim sem fyrir eru. Eðlilegt er að samkeppnisstofnun hafi eftirlit með viðskiptalegum þáttum en Löggildingarstofa með tæknilegum þáttum, á grundvelli laga um raforkuvirki, mál, vog og faggildingu, til samræmis við aðrar atvinnugreinar. Þá þarf að haga gjaldtöku þannig að hún endurspegli sanngjarnan kostnað við eftirlit.

Kafli VIII. Um almenn ákvæði um leyfisveitingar. Ekki eru athugasemdir við kaflann.

Kafli IX. Ýmis ákvæði. Ekki eru athugasemdir við kaflann.

Ákvæði til bráðabyrgða.

Við leggjum til að lengri tími verði gefin til að aðlaga raforkukerfið að ákvæðum væntanlegra laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

I. KAFLI Markmið og gildissvið.

1. grein

Lagt er til að 1. gr. hljóði þannig:

*1. gr.
Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda og samkeppni í vinnslu raforku.

“Þjóðhagsleg hagkvæmni” er óljóst og óskýrt hugtak, sem ekki er ástæða til hafa í greininni. Þá eru umhverfissjónarmið og hagsmunir neytenda tryggðir í öðrum lögum, sbr. t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og samkeppnislög nr.

8/1993. Ekki verður heldur séð að frumvafið tryggi, a.m.k. ekki betur en nú er, öryggi raforkukerfisins eða hagsmuni neytenda, reynsla annarra þjóða styður þetta.

Ekki eru gerðar athugasemdir við 2. og 3. gr.

II. KAFLI Raforkuvinnsla.

4. grein

Lagt er til að fyrsta málsgrein 4 gr. hljóði þannig:

4. gr.

Veiting virkjunarleyfis.

Ráðherra gefur út leyfi til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver að uppfylltum skilyrðum laga. Þó þarf ekki leyfi ráðherra vegna raforkuvera með afli sem er undir 5 MW. Skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu með afli undir fyrrgreindu marki ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi.

5. grein

Lagt er til að 5 gr. hljóði þannig:

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins, sem og skilyrði er falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Tengja skal virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Ráðherra er heimilt að víkja frá tengiskyldu vegna virkjana sem eru undir 5 MW og varðandi eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru nýttá ef truflanir koma upp í flutnings- eða dreifikerfi.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á vatnasviðinu. Ef ekki nást samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnarsýslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum jarðgufuvirkjunum sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunní að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði.

6. grein

Lagt er til að 6. gr hljóði þannig:

6. gr.

Efni virkjunarleyfis.

Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. *Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.*
2. *Afmörkun virkjunarsvæðis.*
3. *Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, annarra opinberra eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.*

Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi tilteknar forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

Þau ákvæði greinarinnar sem felld eru út, s.s. frágangur á starfsstöð og landi, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eru ekki nauðsynleg þar sem tekið er á þessum þáttum í öðrum lögum og reglugerðum.

7. gr.

Skyldur vinnslufyrirtækja.

Ekki eru athugasemdir við þessa grein.

III. KAFLI Flutningur.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan kafla að sinni þar sem í lokakafla frumvarpsins, “Ákvæði til bráðabirgða” er kveðið á um að sérstök nefnd skuli gera tillögu að fyrirkomulagi flutnings á raforku. Norðurorka gerir ráð fyrir að geta fylgst með starfi nefndarinnar og fá tækifæri til að gera athugasemdir þegar nefndin skilar niðurstöðum.

IV. KAFLI Dreifing.

13. gr.

Sérleyfi til dreifingar.

Ekki eru athugasemdir við greinina eins og hún er í frumvarpinu en við teljum eðlilegt að við greinina bætist:

“Ráðherra getur heimilað öðru (raf)orkufyrirtæki flutning raforku vegna eigin starfssemi á orkusviði þó viðkomandi notkunarstaðir eða orkuframleiðsluver séu innan dreifveituvæðis annarrar veitu, enda sé orkunotkunin eða framleiðslan einvörðungu ætluð til eigin nota.

14. , 15 ,16. og 17. grein.

Ekki eru athugasemdir við greinarnar.

V. KAFLI
Raforkuviðskipti.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við V kafla.

VI KAFLI
Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við VI kafla.

VII. KAFLI
Eftirlit og úrræði.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við kaflan umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum okkar varðandi of viðamikil eftirlit og kostnað við það.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um leyfisveitingar

Ekki eru sérstakar athugasemdir við VIII

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði


Ekki eru sérstakar athugasemdir við IX kafla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum okkar um of hraða gildistöku laganna.

Akureyri 18. febrúar 2003.

Virðingarfyllst



Franz Arnason forstjóri,
fh Norðurorku hf.